

Eiríkur Rögnvaldsson:

ÍSLENSK MÁLSTEFNA, ÞJÓÐFÉLAGSBREYTINGAR OG STÉTTASKIPTING

I. Inngangur

Nú hef ég í sömu vikunni orðið þess heiðurs aðnjótandi að tveir nafnkunnir sómamenn hafa séð ástæðu til að gera athugasemdir við skoðanir mínar á íslenskri málstefnu og framkvæmd hennar; Helgi Hálfðanarson í Morgunblaðinu 24. apríl og Árni Bergmann í Þjóðviljanum helgina 27.-28. En þótt ég beri mikla virðingu fyrir báðum, er ekki þar með sagt að ég fallist á málflutning þeirra. Svar til Helga hef ég þegar sent Morgunblaðinu, en hér er ætlunin að víkja nokkrum orðum að grein Árna. Ég verð reyndar að segja að sú kveðja þótti mér ólíkt viðfelldnari en sú sem ég fékk frá Helga. Árni ræðir skoðanir mínar málefnalega, í stað þess að slíta tilvitnanir úr samhengi og gera mér upp skoðanir eins og mér fannst Helgi fulldjarfur við. Hér ætla ég því fyrst og fremst að skýra nokkur atriði úr Skímugrein minni, ef það mætti verða til þess að Árni og aðrir fengju skýrari og sannari mynd af skoðunum mínum.

II. Þjóðfélagsbreytingar og málstefna

Árni byrjar umfjöllun sína um grein mína á að nefna nokkur atriði hennar:

Eiríkur Rögnvaldsson er sá greinahöfundur sem vantrúaðastur er á íslenska málstefnu eins og hún hefur verið rekin. Hann telur hana "skipulagslausa íhaldssemi", segir að hún sé óframkvæmanleg vegna þeirra þjóðfélagsbreytinga sem orðið hafa undanfarna áratugi. Í þriðja lagi telur hann að leiðbeiningastarfsemi í nafni "réttis" máls eða "betra" geti leitt til "málfarslegrar stéttaskiptingar".

Reyndar mætti bæta því hér við að Höskuldur Þráinsson gengur að því leyti lengra en ég, að hann telur að opinber málstefna á Íslandi sé ekki til. En allt er þetta rétt eftir mér haft, nema hvað "eða "betra"" í seinustu málsgreininni er frá Árna komið, en ekki mér. Það skiptir raunar nokkru máli hér, því að ég er sammála Höskuldi Þráinssyni um nauðsyn þess að gera mun á **réttu** og **röngu** annars vegar og **góðu** og **vöndu** hins vegar, en til þess vitnar Árni líka með velþóknun. Í þáttum mínum um **Daglegt mál** í útvarpinu í fyrrasumar tók ég fram að ég myndi forðast að dæma málfar rétt eða rangt, en hikaði hins vegar ekki við að telja eitt gott en annað vont. Þess vegna tek ég ekki til mín allt sem Árni segir um "óttann við tilsögn"; ég vil vissulega leiðbeina fólki, en kannski á annan hátt en sumir aðrir. En sumt af því sem Árni hefur eftir mér þarfnast frekari skýringa, t.d. orðalagið "skipulagslaus íhaldssemi". Þeir sem sjá þetta í Þjóðviljanum en hafa ekki lesið Skímugreinina gætu haldið að þetta orðalag notaði ég í stráksskap til að lýsa fyrirlitningu minni á málstefnunni. Svo er þó ekki, og orðið "íhaldssemi" er fyrir mér ekki endilega neikvætt þegar málstefna er til umræðu. Ástæðan fyrir því að ég notaði orðið "skipulagslaus" er hins vegar sú, eins og kemur fram í greininni, að mér virðist það næsta tilviljanakennt hvaða málbreytingar hljóta viðurkenningu og hverjar eru bannfærðar. Þar er ekki eingöngu farið eftir aldri, ekki eingöngu eftir útbreiðslu, ekki eingöngu eftir því hvort breytingarnar eru "óþarfar" eða ekki, ekki eingöngu eftir því hvort þær skipta sköpum fyrir málkerfið eða ekki; og yfirleitt ekki eftir neinu sérstöku, að því er mér virðist. Um þetta má nefna fjölda dæma, og sum þeirra er drepið á í Skímugrein minni. En ég held að þetta skipulagsleysi skaði málstefnuna, og valdi þeim erfiðleikum sem eiga að framfylgja henni. Þess vegna talaði ég um skipulagsleysi. Um áhrif þjóðfélagsbreytinga á málstefnuna, eða réttara sagt

áhrif á möguleika okkar til að framfylgja óbreyttri málstefnu, fjallaði ég nokkuð í Skímu. Sá kafli greinarinnar var raunar tekinn lítið breyttur úr þætti um **Daglegt mál**, sem ég samdi fyrir útvarpið á liðnu hausti. Útvarpið gerði mér hins vegar þann grikk að fella þáttinn niður og senda í staðinn út fótbolталýsingu, og var þátturinn aldrei fluttur. Næsti þáttur, sem var jafnframt síðasti þáttur minn, kom hins vegar. Vegna þess að hann skýrir nokkuð mína afstöðu ætla ég að leyfa mér að birta meginhluta hans hér. Í Skímugreininni talaði ég um fjögur atriði sem yllu því að nú mætti búast við örari málbreytingum en oft áður: Í fyrsta lagi að börn lærðu málið af öðrum en áður; reynsluheimur þeirra væri annar en foreldranna; málið væri þeim að sumu leyti ekki eins mikilvægt og áður; og í síðasta lagi erlend áhrif. En hvernig á að bregðast við þessu? Um það sagði ég í **Daglegu máli**:

Það er ljóst að ekkert þeirra atriða sem ég nefndi er hægt að rekja til þess að það fólk sem nú er að alast upp sé heimskara eða latara eða hirðulausara um mál sitt en feður þess og mæður, afar og ömmur; heldur stafa þau öll af breytingum sem hafa orðið á þjóðfélaginu. Við getum haft mismunandi skoðanir á því hvort allar þessar breytingar hafi orðið til góðs eða ekki, en sjálfsgat má sýna fram á að þær hafi flestar eða allar verið óhjákvæmilegar. Ég held að það sé ástæðulaust að hugsa sér að fyrri kynslóðir hafi verið svo miklu hirðusamari um mál sitt en við; þjóðfélagshættir voru á hinn bóginn þannig að þeir stuðluðu að varðveislu málsins án mikilla breytinga. Um ýmis þau atriði sem þar koma við sögu hefur Helgi Guðmundsson skrifað fróðlega grein, *Um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar*, sem birtist í bókinni *Sjötú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, sem Stofnun Árna Magnússonar gaf út árið 1977. Ef við ásökum Íslendinga nútímans fyrir hirðuleysi um málfar sitt, erum við því að beina spjótum okkar í vitlausa átt - við eigum að snúast gegn þeim þjóðfélagsbreytingum sem verða þess valdandi að málfarslegt uppeldi breytist. Það kann að vera hægt að snúast gegn myndablöðum, vídeói og ýmiss konar erlendum áhrifum, þótt örugglega yrði það þungur róður. En erfiðara yrði að snúa aftur til bændaþjóðfélagsins, og dettur væntanlega engum í hug í alvöru. Ég leyfi mér þess vegna að álykta sem svo að þessi leið sé nánast ófær. En er þá engin leið til að draga úr hraða þeirra breytinga, sem óhjákvæmilega verða á málinu? Jú, auðvitað er hægt að stórauka móðurmálskennsluna í skólunum. Það ætti enginn að þurfa að undrast að íslenskukunnáttu unglunga hraki, þegar þjóðfélagsbreytingar draga stórlega úr málfarslegu uppeldi án þess að aukin kennsla komi á móti. Á undanförunum áratugum hefur fjölgað að mun þeim námsgreinum sem kenndar eru í grunnskólum, og byrjað er fyrr á öðrum en áður var; og þetta þýðir auðvitað að móðurmálskennslan fær ekki aukinn tíma, eins og hún hefði þurft til að vega upp á móti því sem tapast utan skólans. Ef menn vilja í raun og veru hægja á málbreytingum, halda málinu u.þ.b. á því stigi sem það er á nú, þýðir ekki annað en gera móðurmálskennslunni mun hærra undir höfði en gert hefur verið á undanförunum árum, og verja til hennar stóruknum tíma. Það er út í hött að ætlast til að nemendur meðtaki fyrirmyndarmálið jafnauðveldlega nú, þegar þeir þurfa að læra það meira og minna í skólum, og á tímum kvöldvöku, rímnakveðskapar og húslestra. En það er eins og menn berji hausnum við steininn, og átti sig ekki á þeim breyttu aðstæðum sem eru fyrir hendi í þjóðfélaginu. Að ætlast til að nemendur nú á tímum læri sömu íslensku og afar þeirra og ömmur töluðu án meiri kennslu er óraunhæf krafa og ósanngjörn bæði gagnvart kennurum og nemendum. Við þurfum að gera okkur þetta ljóst, og gera síðan upp við okkur hvort við erum reiðubúin til að veita íslenskukennslunni þennan aukna tíma, eða hvort við ætlum að slá af kröfum gullaldarmálsins. Þarna verður ekki bæði sleppt og haldið, og þörf á ákveðinni stefnumótun í þessum málum verður sífellt brýnni.

Ekki hefur móðurmálskennslan verið aukin síðan í haust, svo að ég viti; og satt að segja tel ég

litlar líkur á að hún verði aukin svo í náinni framtíð að verulegu máli skipti í þessu sambandi. Og þá verður að velja og hafna. Ég fyrir mitt leyti er ekki í nokkrum vafa um að þeim takmarkaða tíma sem gefst sé betur varið til, eins og ég segi í Skímu, "að þjálfar nemendur í að lesa og að setja mál sitt skýrt og skipulega fram í ræðu og riti", en í þau "aukaatriði" sem ég leyfði mér þar að kalla svo, þótt sumum þyki ég þar taka nokkuð stórt upp í mig. Annars gæti farið svo að við eyddum öllum tíma okkar og kröftum í að reisa eins konar Maginot-línu, meðan óvinurinn kæmi aftan að okkur.

III. Um málfarslega stéttaskiptingu

Þá er það málfarslega stéttaskiptingin. Árni tekur undir það sem Helgi Hálfðanarson segir í Morgunblaðsgrein sinni áður nefndri, en þar fullyrðir hann: "Á Íslandi er slík málfarsleg stéttaskipting sem betur fer ekki til [...]". Nú skiptir hér máli hvaða merkingu menn leggja í orðið *slík*. Ef það merkir að málfarsleg stéttaskipting á Íslandi sé ekki sama eðlis og ekki jafn mikil og í ýmsum öðrum löndum, þá er þetta rétt; ef það á hins vegar að merkja (eins og mér sýnist af framhaldinu) að **engin** málfarsleg stéttaskipting sé á Íslandi, þá er það e.t.v. hæpin fullyrðing. A.m.k. eru til rannsóknir sem benda til að slík stéttaskipting sé einhver. En þetta er álitamál, enda fullyrti ég ekki að málfarsleg stéttaskipting væri fyrir hendi á Íslandi. Hinu fer ég ekki ofan af, að einstrengingsleg málvöndun geti skapað málfarslega stéttaskiptingu. Og ég held ég verði að vitna hér í það sem Helgi segir um þetta í Morgunblaðinu:

Kenninguna um málfarslega stéttaskiptingu á Íslandi kannast maður við. Stundum virðast formælendur hennar haldnir einhverri misskilinni vinstri-pólitík, einhverri öfugsnúinni umhyggju fyrir þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Í stað þess að krefjast þeirra réttinda þeim til handa framvegis að fá að njóta jafngóðrar kennslu og aðrir, er þess krafizt, að þeir verði vanræktir, þeim sé aldrei sagt hvað sé rétt íslenzka og hvað sé málleysa eða "barnamál". [...] Reiðareksstefnan hlýti að leiða til þess, að sum börn fengju gott hefðbundið máluppeldi í einkaskólum sem hefðu efni á að ráða til sín beztu kennarana, en önnur börn yrðu vanrækt í höndunum á illa launuðum og lélegum kennurum [...].

Ég skil satt að segja ekkert í hvernig Helgi getur snúið hlutunum svona á haus; að segja að þess sé krafist að þeir sem minnst mega sín séu vanræktir. Þess er einmitt krafist að þeirra hlutur sé ekki fyrir borð borinn. Ég veit ekki hvort Árni myndi vilja taka undir allt sem Helgi segir þarna, en hann mótmælir a.m.k. engu, heldur segir:

Mér sýnist það líka rétt hjá Helga, að sú stefna að láta allt reka á reiðanum sé miklu líklegri til að koma upp málfarslegri stéttaskiptingu hér á landi en hefðbundið málræktaruppeldi - sem einmitt stefnir að því að **draga úr mun** á því málfarsnesti sem börn að heiman hafa.

Nú vil ég fyrst benda á að hvorki ég né aðrir málfræðingar vilja "láta allt reka á reiðanum" - það er tilbúningur sem hlýtur að eiga rætur sínar í því að sumir okkar hafa lýst vantrú á einstökum atriðum í málstefnunni og framkvæmd hennar. **Enginn** hefur sagt að **ekkert** eigi að né megi gera, og ég skil ekki tilgang þeirra manna sem alltaf eru að reyna að gera okkur upp þær skoðanir að við viljum móðurmál okkar feigt. Mér dettur heldur ekki í hug að efast um góðan vilja skólayfirvalda, né draga í efa að hefðbundið málræktaruppeldi stefni að því "að draga úr mun á því málfarsnesti sem börn að heiman hafa". Mér er líka ljóst að í fljótu bragði lítur svo út sem það hljóti að gera það. En hér er ekki allt sem sýnist, og ég skal reyna að skýra betur hvað

ég átti við með hættu á málfarslegri stéttaskiptingu. Það var í fáum orðum þetta: Við vitum að máluppeldi á heimilum er misjafnt - um það er ekki ágreiningur, held ég. Við vitum líka að sum börn - sennilega helst börn minna menntaðra foreldra, þótt menn greini e.t.v. á um það - gera fleiri "villum" þegar þau koma í skólann en önnur. Og enn vitum við að skólinn berst gegn "villum". Þar af leiðir að skólinn **staðfestir** mál þeirra sem betur mega sín fyrir í málfarsefnum, en **hafnar** að einhverju leyti máli hinna. Og er nú ekki hugsanlegt að þeir sem verða fyrir því í skólanum að mál þeirra er talið "verra" eða "vitlausara" en annarra fyllist minnimáttarkennd og "málóttá". Mér finnst það a.m.k. svo sterkur möguleiki að honum megi ekki vísa á bug að óathuguðu máli, eins og bæði Helgi og Árni virðast gera. En hvernig eiga þá skólarnir að taka á þessu máli? Það er vissulega erfitt, því að undirbúningur nemenda hlýtur alltaf að verða misjafn. En það skiptir máli **hvernig** reynt er að jafna þann aðstöðumun sem hann skapar - aðstöðumun sem ég tel að **verði** að jafna, hvaða skoðanir sem Helgi Hálfðanarson reynir að gera mér upp. Og ég tel að það verði að fara mjög varlega við að jafna hann, og besta aðferðin til þess sé æfing í að tala, lesa og skrifa, en **ekki** boð og bönn. Annars minnir þetta mig svolítið á sjónvarpsþáttinn með Milton Friedman, sem sýndur var hérna í haust. Þar voru íslensku fræðimennirnir alltaf að reyna að koma karli í bobba, og bentu á hve markaðsþjóðfélagið væri nú ómanneskjulegt. Friedman hélt nú síður, því að þar hefðu allir jöfn tækifæri - allt væri frjálst. Þegar honum var bent á að því færi fjarri að tækifæri allra væru jöfn, því að aðstæður manna væru svo mismunandi; sumir væru t.d. hvítir og af ríkum ættum, aðrir svartir úr fátækrahverfum - þá yppti hann bara öxlum, brosti og sagði að tækifærin væru jöfn eftir sem áður, en sumir væru bara heppnir, aðrir ekki, og svona væri nú það. Og gæti ekki verið að þetta væri eitthvað svipað í skólunum? Vissulega hafa allir þar sömu tækifæri, skólinn kennir öllum sama málið. Og þó - skyldi það ekki skipta neinu máli að það samræmist máli **sumra** nemenda betur en annarra? En sumir eru heppnir, aðrir ekki.

IV. Dómstóll og staðall

Árni vitnar enn fremur í eftirfarandi málsgrein í Skímugrein minni:

En vissulega getur verið nauðsynlegt að hafa einhvern tiltekinn staðal til að miða við í kennslu, og einhver þarf að móta þann staðal.

Út frá þessu spyr Árni:

sá sem hefur búið til staðal eða tekur mark á honum - hversu langt er hann frá því að fella dóma um "rétt" eða "rangt"? Hefur hann ekki gert tiltekna málræktarstefnu að sinni?

Jú, vissulega hefur hann gert það; en gagnstætt því sem Árni virðist telja, felur það ekki endilega í sér að dæma þurfi um rétt og rangt. Ég hef aldrei hafnað allri málrækt, og hef margsinnis bent á hvað ég teldi skipta þar máli, bæði í Skímugreininni margumtöluðu og í **Daglegu máli** sl. sumar. En það er þetta með staðalinn, og hvernig hann samrýmist því að ég vilji ekki hafa dómstól til að dæma rétt og rangt. Strangt tekið gerir hann það kannski ekki - og þó. Því skyldi ekki vera hægt að mæla svo fyrir að eitthvað tiltekið skuli kennt, án þess að það sé endilega gefið að það sé réttara en eitthvað annað? Í núgildandi námskrá grunnskóla er t.d. mælt með því að þjálfar "harðmæli eða skýrt linmæli" lokhljóða. Augljóst er af orðalaginu að harðmæli er talið æskilegra (í orðunum felst að harðmæli hljóti að vera skýrt - sem er þvættingur - en linmæli geti verið hvorttveggja); en það er samt engin eining um það, hvorki meðal lærðra né leikra, að harðmæli sé "réttara" en linmæli. Ég held sem sagt að hvorki ákveðin málræktarstefna né

ákveðinn staðall við kennslu sé ósamrýmanlegt því að vilja ekki dæma um rétt og rangt. En þarna getur vissulega verið stutt á milli, og ég skil vel að Árni skuli spyrja. Til að skýra þetta betur skal ég vitna í Skímugrein mína: En það að leiðrétta börn á máltökuskeiði annars vegar og leiðbeina unglíngum og fullorðnu fólki í skólum eða fjölmiðlum hins vegar er tvennt ólíkt, þar sem sömu aðferðir eiga alls ekki við. Það sem ég sagði um fræðslu og að láta fólk dæma sjálft að henni fenginni á fyrst og fremst við um hina síðarnefndu tegund leiðbeininga. Staðallinn er hins vegar ætlaður "til að miða við í kennslu", eins og í greininni segir. En ég viðurkenni fúslega að þessi greinarmunur hefði mátt koma skýrar fram í grein minni. Þó verð ég að bæta við svólfílli athugasemd við eftirfarandi orð Árna:

Allir vita að þegar kennd eru erlend mál verða kennarar að beita miskunnarlítið sínu "dómsvaldi" um rétt eða rangt og hvers vegna skyldi það þá vera frágangssök að gera eitthvað svipað í móðurmálskennslu?

Þessa röksemdafærslu sér maður stundum; en málið er ekki alveg svona einfalt, af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi er móðurmálskennsla í eðli sínu gerólík kennslu erlendra tungumála, eins og augljóst ætti að vera þegar menn hugsa málið; það er grundvallarmunur á því að kenna framandi mál frá byrjun og því að gera nemendur meðvitaðri um það mál sem þeir tala daglega og hafa gert frá því þeir muna fyrst eftir sér. Og það engan veginn sjálfgefið að sömu aðferðir eigi þar við, þótt það sé heldur ekki útilokað. Í öðru lagi er það svo að við verðum að hlíta því sem okkur er sagt um erlend mál; við getum ekkert gert til að hafa áhrif á þau, því að við teljumst ekki til viðkomandi málsamfélags. Aftur á móti eigum við öll okkar hlut í íslenskunni, og höfum eitthvað um hana að segja, hvert og eitt.

V. Lokaorð

Mig langar að lokum að þakka Árna fyrir málefnalega umræðu, og vonast til að hún verði það áfram, ef eitthvert framhald verður. En reyndar er það mála sannast að þessi mál eru ákaflega vandmeðfarin, sem skiljanlegt er, vegna þess að hér er um slíkt tilfinningamál að ræða. Að brigsla þeim sem ekki eru á sama máli um skort á þjóðerniskennd eða að telja þá e.k. "fimmtu herdeild" er þó engum til sóma, því að það er hárrétt sem Árni Bergmann segir um þá sem skrifa í títtnefnda Skímu, að "Allir eru [...] ríkir að góðum vilja, allir vilja þeir stuðla að því að eldri sem yngri kunnir sem best með íslenska tungu að fara". Sem betur fer undanskilur Árni mig þarna ekki, og svo sannarlega tel ég mig líka í þessum hóp.